







RÓSAMÁL OG LAGSKIPT TÁKNKERFI





ÓLÖF BJÖRG BJÖRNSDÓTTIR

RÓSAMÁL OG LAGSKIPT TÁKNKERFI
MEÐ LJÓÐSKREYTINGUM EFTIR JÓN PROPPÉ

20. APRÍL - 4. MAÍ



Ólöf Björg hefur lengi fengist við óhefta sköpun, módelteikningar sem fanga manneskjuna í einu augnabliki og málverk þar sem tilfinning augnabliksins fær útrás í litríkum dansi á strig-
anum. En hún er líka kennari og hefur lengi haft annað augað á greinandi starfi fræðimanna. Hvort tveggja, starf fræðimannsins og sköpun listamannsins, geta fært okkur þekkingu og skilning á veröldinni, samfélaginu og sjálfum okkur – og ekki alltaf ljóst hvorum ferst það betur úr hendi.

Það kom mér því ekki á óvart þegar Ólöf Björg leysti Íslenska orðabók Árna Böðvarssonar úr bandinu og fór að nota blöðin til að teikna fyrirsætur sínar með bleki. Þessi verk kveiktu strax hugleiðingar með mér. Bókin sjálf hefur alls konar merkingu, fyrir utan merkingu orðanna. Þetta var fyrsta nútímaorðabókin á íslensku, þ.e.a.s. með skýringum á íslensku og ætluð íslenskum námsmönnum og almenningi, en ekki bara fræðimönnum. Í áratugi var hún hand-
hægasta heimild okkar um málið. Fyrir þeim sem hafa unnið lengi með texta og bækur er það eins og að heimsækja gamlan og kæran vin að renna augum yfir síðurnar.

Á sýningunni í Portfolio má sjá samspil fígúrunnar í teikningunni og orðabókartexta Árna á síðunni. Þetta eru lagskipt táknerfi þar sem mismunandi lög tjáningar og tilvísana renna til og skarast. Orðabókarskýringin er ekki jafngild hlutnum sem orðið vísar til, teikningin kemur ekki í stað fyrirsættunnar og myndin sem þrykkist á vinstri síðuna er ekki frummyndin sem er á hægri síðunni. Letrið á síðunni ekki jafni orðinu, lestur er ekki jafngildur skilningi og ofan á allt orka allar skilgreiningar og skýringar tvímælis.

En það er einmitt þegar við leyfum þessum sviðum að rekast á og núast að eitthvað nýtt getur orðið til, ný hugsun, nýr skilningur eða eitthvað fyndið sem fær okkur til að brosa.


Einhvern tíma sat ég á vinnustofu Ólafar Bjargar og var að fletta í bunka af þessum verkum þegar sú hugmynd kviknaði að ég myndi skrifa stutta texta þar sem ég tæki mið af bæði orðunum og myndinni til að bregða upp persónum eða segja sögu. Í textanum þyrfti ég að nota sem flest af orðunum af orðabókaropnunni, og þannig væri frásögnin bundin af þeim efniðviði sem ég gæti séð undir blekteikninunni. Eftir nokkurra ára samtal kemur þessi bók nú út sam-
hliða sýningunni.

Veröldin sem Ólöf Björg býður okkur að dvelja í á sýningunni er margslungin en vissulega íhugunarverð. Listaverk leysa ekki valdamálin frekar en orðabókin gerir mann að stílsnillingi. Þau eru frekar tækni fyrir okkur að hugsa sjálf, finna nýjar tengingar og gera nýjar uppgötvari. Og jafnvel að finna skringilega huti sem fá okkur til að hlæja.

Jón Proppé




Himneskur draumur i, hálkuvörn á hör, 100 x 150 cm




Himneskur draumur ii, hálkuvörn á hör, 100 x 120 cm

Frjósemistvenna i og ii
Blönduð tækni á hör, 150 x 75 cm







Flæðispeglun, blönduð tækni á hör, 130 x 40 cm



Kona - dýr, hálkuvörn á hör 60 x 50 cm



Karl - dýr, hálkuvörn á hör, 60 x 50 cm




Sjálfsnánd - sköpun, hálkuvörn á hör 150 x 130 cm



Sjálfsnánd - gagnsæ, hálkuvörn á hör 150 x 130 cm

Neon rjóð bauja
6 mynda sería
blek á pappír
59 x 42 cm
2024





Himneskur draumur i	390.000.-
Himneskur draumur ii	390.000.-
Himneskur draumur i og ii	760.000.-
Frjósemis tvenna i	370.000.-
Frjósemis tvenna ii	370.000.-
Frjósemis tvenna i og ii	720.000.-
Flæðispeglun	350.000.-
Karl - dýr	220.000.-
Kona - dýr	220.000.-
Karl - dýr og Kona - dýr	390.000.-
Sjálfsnánd - skoðun	400.000.-
Sjálfsnánd - gagnsæ	400.000.-
Sjálfsnánd, skoðun og gagnsæ	790.000.-
Neon rjóð bauja	170.000.- per verk
Orðabókaverk	125.000.- per verk, bókverk fylgir seldu verki
Bókverk	12.000.-



PORTFOLIO
GALLERÍ

HVERFISGATA 71 101 REYKJAVÍK GALLERÍ@PORTFOLIO.IS WWW.PORTFOLIO.IS